

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við
hátíðarsamkomu í tilefni af því að 80 ár eru liðin frá því að kennsla í
tannlæknisfræði hófst við Háskóla Íslands. Flutt í Læknagarði
föstudaginn 16. maí 2025 kl. 15.00**

Kæru gestir, það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð hér í lok þessarar hátíðarsamkomu sem haldin er í tilefni af því að 80 ár eru liðin frá því að kennsla í tannlæknisfræði hófst við Háskóla Íslands.

Hér áðan var saga tannlæknánámsins við skólann rakin og ætla ég ekki að endurtaka hana hér. Það er þó einn kafli í þessari sögu sem mig langar að minnast stuttlega á og er það aðdragandinn að því að tannlæknánámið við Háskóla Íslands var sett á laggirnar í lok síðari heimsstyrjaldarinnar árið 1945. Styrjöldin hafði mikil áhrif á þróun Háskóla Íslands því á þessum árum varð mikið rask á siglingum á milli Íslands og Evrópu sem olli því að nemendur gátu ekki lendur sótt nám sitt til útlanda í fjölmörgum greinum sem á þeim tíma voru ekki kenndar við Háskóla Íslands. Þetta átti við um greinar á borð við efnafræði, hagfræði, tungumal og einmitt tannlækningar. Eins og stundum gerist er fátt svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott og urðu þessar aðstæður til þess að flýta því að sett var á laggirnar nám í greinum á borð við verkfræði og viðskiptafræði, auk BA-náms í Heimspekideild. Skipta má þessum nýju námsgreinum í tvo hópa og var annars vegar um að ræða grunnnám sem gert var ráð fyrir að ljúka erlendis, eins og t.d. í verkfræði. Hins vegar var um að ræða fullt nám eins og í tilviki viðskiptafræði og tannlæknisfræði, en settu

höfðu verið lög um síðarnefnda námið þegar árið 1941 þótt kennslan hafi ekki hafist í raun fyrr en haustið 1945. Þannig má segja að styrjöldin hafi að ýmsu leyti hraðað þróun Háskóla Íslands.

Góðir gestir, þegar horft er til framtíðar er ljóst að þörfin fyrir eflingu tannlæknánáms muni aukast verulega á næstu árum og áratugum. Eins og fram kom í máli Ellenar Flosadóttur hér áðan mun breytt aldurssamsetning þjóðarinnar leiða af sér aukna þörf fyrir tannlæknaþjónustu rétt eins og aðra heilbrigðisþjónustu og það gerir kröfur um að við menntum fleira heilbrigðisstarfsfólk. Þá þarf að horfa til þess að tryggja starfsgrundvöll klíníkur Tannlæknadeildar sem gegnir afar mikilvægu samfélagslegu hlutverki og er um leið dýrmætur þjálfunarvettvangur fyrir tannlæknanema.

Annað mikilvægt verkefni til framtíðar er að búa í haginns fyrir uppbyggingu sérmenntunar í tannlækningum á Íslandi, en á undanförnum árum hefur tekist að koma á laggirnar slíkri menntun í ýmsum sérgreinum læknisfræðinnar. Þá vil ég einnig taka undir með Ellen um þörfina á að byggja upp námsbraut í tannfræði og efla teymisvinnu tannlækna og tannfræðinga í þágu tannheilsu landsmanna, en slík teymisnálgun er grundvallaratriði í allri heilbrigðisþjónustu í dag. Síðast en ekki síst er brýnt að stækkunin á nýju húsi Heilbrigðisvísindasviðs sem hýsa á Tannlæknadeild verði samþykkt sem fyrst til að tryggja þá framtíðaraðstöðu sem deildin og þjóðin verðskuldar og þarfnast.

Góðir gestir. Ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar en vill að lokum óska Tannlæknadeild hjartanlega til hamingju með 80 ára afmælið og þakka deildinni fyrir ómetanlegt starf í þágu Háskóla Íslands og þjóðarinnar allar. Ef okkur ber áfram gæfa til að halda rétt á málum er framtíðin björt.

Takk fyrir.